



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Alþingi – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10

101 REYKJAVÍK

Reykjanesbær 8. maí 2019

Efni: Umsögn um tillögu um fjármálaáætlun 2020-2024, 750.mál.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga m.a. varðandi fyrirætlun ríkisvaldsins um framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlað er að framlög til sjóðsins verði óbreytt í krónutölu fyrir árin 2019, 2020 og 2021. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995 ráðast framlög ríkissjóðs af innheimtum sköttum ríkisins og álagningarstofni útsvars og framlögin hækki í takt við þessar stærðir en þrátt fyrir það kom þessi áform fram í fjármálaáætlun 2020-2024.

Sveitarfélög landsins geta á engan hátt unað við þessa tekjuskerðingu og hafa mótmælt áforum ríkisins á landsþingi Íslenskra sveitarfélaga sem fram fór þann 29. mars s.l. Gera má ráð fyrir því að tekjutap yfir tveggja ára skeið nemi 3,3 ma.kr. Sveitarfélög landsins gera kröfu um það að Alþingi dragi til baka áform ríkisstjórnarinnar um frýstingu framlaga til Jöfnunarsjóðs.

04.03. Samstarf um öryggis- og varnarmál, bls. 191.

Tekið undir markmið ríkisstjórnar um að tryggja skuli betri rekstur og viðhaldi íslenska loftvarnarkerfisins sem og annarra kerfa og varnarmannvirkja á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Fram kemur í fjármálaáætluninni að uppsöfnuð viðhaldspörf sé mikil. Í ljósi gjaldþrots Wow og áhrif þess á Suðurnes, er mikilvægt að athuga hvort ekki sé hægt að flýta viðhaldsverkefnum sem og nýframkvæmdum á starfssvæði Landhelgisgæslunnar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Einnig er lagt til að skoðað verði hvort hagkvæmt sé að flytja þyrludeild LHG á Keflavíkurflugvöll, þar sem nægt rými er til staðar fyrir starfsemi hennar.

11.1 Samgöngur, bls. 259.

Í fjármálaáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir því að Isavia taki yfir rekstur og viðhald allra alþjóðaflugvalla landsins frá 1. janúar 2020 og reki sem eitt net og tryggi þannig fjármögnun rekstar þeirra og viðhalds. Fram kemur í áætluninni að uppsöfnuð þörf fyrir viðhald nemi 7-8 milljörðum króna með nauðsynlegri endurnýjun flugbrauta og flughlaða utan Keflavíkur. Í ljósi aðstæðna telur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum að það geti reynst erfitt að færa tekjur frá Keflavíkurflugvelli til annarra flugvalla á landinu án þess að draga úr uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Keflavíkurflugvöllur annar ekki fjölda þeirra farþega sem fara í gegnum völlinn í dag og því afar mikilvægt að haldið sé áfram að byggja upp flugvöllinn.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

11.1 Samgöngur, bls. 261-262.

Lokið hefur verið við gerð nýrrar stefnu um almenningssamgöngur og er henni ætlað að styrkja almenningssamgöngukerfið á landi, lofti og legi. Fram kemur í fjármálaáætluninni að nýverandi samkomulag um rekstur almenningssamgangna hafi verið við gildi frá 2012. Sem og að rekstur á sumum stöðum hafi ekki staðið undir sér. Vert er að benda á að reksturinn hefur ekki staðið undir sér á flestum stöðum og þar sem hann hefur staðið undir sér hefur þjónustustig verið skert verulega. Í áætluninni kemur einnig fram að stefnt sé að því að endursemjja við landshlutasamtökin frá og með árinu 2020. Ef það er ætlun ríkisvaldsins að endursemjja við landshlutasamtökin þarf að gera upp eldri halla sem og að tryggja fjármuni til þess að reka kerfið sem mætir kröfum notanda og að almenningssamgöngur geti verið raunverulegur valkostur sem samgöngumáti. Góðar almenningssamgöngur munu einnig spila lykilhlutverk í aðgerðum ríkisvaldsins í húsnæðismálum eins og fram kemur í 40 tillögum starfshóps um átaksverkefni í húsnæðismálum (31.1. Húsnæðisstuðningur).

Tryggja þarf að verð sé samræmt á milli landshluta en eins og staðan er í dag er fjöldi gjaldsvæða mismunandi.

Leið	Fjöldi km	Gjaldsvæði/verð
Reykjanesbær – Reykjavík	45	4/1880 kr.
Hveragerði – Reykjavík	37,5	3/1410 kr.
Akranes – Reykjavík	50,6 (via Hvalfjarðargöng)	2/940 kr.
Hafnarfjörður – Kjalarnes	34,1	1/470 kr.

Það er tilkomið þar sem landshlutasamtökin hafa leitast við að hafa kerfið eins sjálfbært og hægt er, sem og að greiðslur til landshlutasamtakanna frá Vegagerðinni byggja á grunni gamla kerfisins sem var í gildi þegar sérleyfin voru við lýði.

Einnig er mikilvægt er að endurskoða jöfnunarstyrk sem Lánasjóður íslenska námsmanna greiðir til nemenda sem sækja framhaldsskóla fjarri lögheimili sínu en akstursstyrkur er ætlaður þeim nemendum sem sækja skólann frá lögheimili þ.e. keyra daglega í skólann frá lögheimili sínu. Mikilvægt er að hvetja til notkunar á almenningssamgöngum og því væri hægt að færa fjármuni frá LÍN (akstursstyrkinn) inn í almenningssamgöngur (þar sem þær eru í boði), með það að markmiði að stýra nemendum inn í almenningssamgöngur. Sú aðgerð væri til þess fallin að auka umferðaöryggi, draga úr mengandi útblæstri og álagi á vegi. Næði þess flutningur á fjármunum fram að ganga mætti jafnvel hugsa sér að nemakort fyrir nemendur sem falla undir skilgreiningu LÍN á dreifbýlisstyrk væru án endurgjalds.

Landssvæði	Gildistími	Verð
Suðurland	6 mán./ eina önn	Kr. 90.000,-
Suðurnes	6 mán./ eina önn	Kr. 87.000,-
Höfuðborgarsvæðið	12 mánuðir (18 ára og eldri)	Kr. 52.900,-
Höfuðborgarsvæðið	6 mán (18 ára og eldri)	Kr. 29.700,-
Höfuðborgarsvæðið	12 mán (12-17 ára)	Kr. 22.900,-

Eins og sjá má eru verð mismunandi.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggur áherslu lokið verði við útboð vegna tvöföldunar Reykjanesbrautarinnar til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fyrir árið 2024.

13 Sjávarútvegur og fiskeldi, bls.277.

Fram kemur í fjárlagaáætlun 2020-2024 að framtíðarsýn stjórnvalda sé að sjávarútvegur og fiskeldisafurðir séu í fremstu röð á alþjóðlegum mörkuðum. Því ber að fagna en Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum bendir á að hvergi kemur fram í kaflanum um sjávarútveg, að stutt verði við eina fisktækniskólann sem starfandi er á Íslandi, Fisktækniskóla Íslands. Skólinn gegnir lykilhlutverki í því að mennta hæft starfsfólk til starfa í þessari mikilvægu atvinnugrein okkar Íslendinga.

14.1 Ferðaþjónusta, bls. 287.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggur áherslu á að gistináttgjaldið renni til sveitarfélaganna svo þau geti mætt útgjöldum vegna ferðaþjónustu.

17 Umhverfismál, bls. 307.

Tveir Jarðvangar (e. Geopark) eru starfræktir á Íslandi, en þeir eru Reykjanes UNESCO Geopark og Katla UNESCO Geopark. Hugtakið Geopark er skilgreint af alþjóðlegum samtökum Geoparka sem nefnast Global Geoparks Network og starfa þau undir verndarvæng UNESCO. Um 100 geoparkar eru aðilar að samtökunum í dag, þ.e. svæði sem innihalda merkilegar jarðminjar og koma þeim á framfæri.

Stefna sveitarfélaganna á Reykjanesi og ferðaþjónustunnar á svæðinu er að leggja áherslu á jarðminjar svæðisins, flekaskilin, gígaraðir, háhitasvæði, jarðvarmann, frábæra náttúru og vellíðunar ferðamennsku í markaðsstarfi og uppbyggingu innviða. Þetta er unnið undir hatti Reykjanes UNESCO Geopark. Það er því mikilvægt að ríkisvaldið styðji við rekstur Jarðvanganna á Íslandi með sama hætti og önnur UNESCO svæði á landinu.

20.1 Framhaldsskólar, bls. 334.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fagnar stefnu stjórnvalda um að efla menntun í landinu og þá sérstaklega með því að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi. Ríkisvaldið hefur ákveðið að styðja við nám til stúdentsprófs í tölvuleikagerðs sem þróunarverkefni en mikilvægt er að skoða einnig aðrar starfs- og tækninámsgreinar út frá sömu forsendum, þ.e.a.s. hvort nemendur geti ekki lokið þeim greinum einnig með stúdentspróf.

Einnig er mikilvægt að tryggja það að nemendur af erlendum uppruna hverfi ekki frá námi úr framhaldsskólum en það skiptir íbúa á Suðurnesjum miklu máli að vel sé staðið að þessu máli í ljósi þess að 25% íbúa á Suðurnesjum eru af erlendu þjóðerni.

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri